

## GJALDSKRÁ

### um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar.

#### 1. gr.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk frá þeim sem verk er unnið fyrir samkvæmt gjaldskrá þessari.

Greiðslur fyrir aukaverk skal miða við ákveðinn fjölda eininga. Hver eining jafngildir 1/10 hluta gjalds fyrir borgaralega hjónavígslu á hverjum tíma, samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þó er innanríkisráðherra heimilt að ákveða aðrar fjárhæðir á grundvelli endurskoðunar, sem og ef forsendur breytast verulega af einhverjum ástæðum á gildistímanum eða ef einhver aukaverk verða felld út úr gjaldskránni.

#### 2. gr.

Greiðslur fyrir eftirtalin aukaverk eru sem hér segir:

	kr.
1. Skírn	4.100
Ef skírt er við guðsþjónustu er skírnin ókeypis.	
2. Ferming	11.000
3. Hjónavígsla	7.700
4. Greftrun með ræðu	16.500
5. Kistulagning	4.700
6. Greftrun án ræðu	6.000
7. Embættisvottorð	770

#### 3. gr.

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestsins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og í samræmi við þau viðmið sem fram koma í þessari grein. Ber presti að upplýsa greiðendur fyrirfram um aksturskostnaðinn. Viðkomandi kirkjugarður greiðir þó aksturskostnað vegna kistulagninga, útfara og frágangs duftkerja, sbr. lið c) og d).

- a) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í þéttbýli sé að hámarki 24 km.
- b) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í dreifbýli sé að hámarki 60 km.
- c) Akstur vegna greftrunar í þéttbýli sé 12 km. Við bætast 12 km ef kistulagning er sérstök athöfn og ennfremur ef prestur kemur að frágangi duftkers í grafreit.
- d) Aksturskostnaður vegna greftrunar í dreifbýli sé að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gjaldskrá, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 155/2005.

Eigi er heimilt að innheimta aksturskostnað vegna fermingarstarfa.

#### 4. gr.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslna með barni og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda.

Presti er ennfremur skylt að gefa hlutaðeigandi ókeypis vottorð um skírn og hjónavígslu, enda sé þeirra vitjað eigi síðar en viku eftir að athöfn fór fram.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 36/1931. Öðlast hún gildi þegar í stað og gildir til og með 30. september 2023. Við gildistöku

Nr. 908

15. október 2013

gjaldskrárinnar falla úr gildi gjaldskrá nr. 668 frá 9. september 2003 og auglýsing nr. 989 frá 18. desember 2003 um breytingu á gjaldskrá fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar.

*Innanríkisráðuneytinu, 15. október 2013.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 15. október 2013